

Frelsari fæddur?

Geðveiki hefur löngum verið rithöfundum hugleikið yrkisefni. Sem dæmi úr heimsbókmenntunum mætti nefna Makbeð, Raskolnikov og Pál Ólafsson í Englum alheimsins. Nú hefur Eysteinn Björnsson sent frá sér skáldsögu sem fjallar um þetta viðkvæma efni. Páll Höskuldsson, aðalpersóna bókarinnar Í skugga heimsins, er óframfærinn ungur maður sem býr yfir ríkri réttlætiskennnd. Hann fær einskonar köllun um að hann sé útvalinn til að koma mikilvægum skilaboðum á leiðarenda sem geti skipt sköpum í átökum góðs og illis í heiminum. Þessi köllun leiðir hann í verstu ógöngur.

Sagan gerist upp úr 1970 og hefst með því að Páll er rekinn úr skóla á Akureyri fyrir að taka upp hanskann fyrir lítilmagnann. Hann flytur til Reykjavíkur og þá fara hjólin að snúast. Undarlegur kunningi hans lætur lífið í mótmælum herstöðvaandstæðinga og í líkræðunni talar presturinn um hann sem geðsjúkling. Páll vill rétta hlut hans við prestinn sem bregst ókvæða við og kærir Pál fyrir meiðyrði. Upp úr þeim viðskiptum hefst krossferð Páls gegn „púkum í prestslíki sem fitna og fitna á kostnað almennings með því að þverbrjóta allt sem Kristur hefur boðað“ (164-5). Hann fer að heyra raddir, tekur upp á því að standa upp í kirkjum og lýsa spillingunni innan prestastéttarinnar og vara sóknarbörn við úlfum í sauðargæru. En þrátt fyrir fagran frelsisboðskap og göfugan tilgang er honum allstaðar úthýst enda vill mannkynið ekki láta frelsa sig (72).

Það er engin lognmolla í sögunni. Hver stórviðburðurinn rekur annan og finnst manni stundum nóg um. Réttarhöld, nauðgun, fordómar, ástarsaga Páls og Sólrúnar sem er geðveik prestsdóttir, fangelsisdvöl, fóstureyðing, táknrænir draumar og bókmenntavísanir; öllu þessu ægir saman og meiru til. Ádeila sögunnar beinist að spilltu þjóðfélagi, hræsnurum og svikum og spurt er stórra spurninga. Leggja prestar blessun sína yfir skugga heimsins? Svíkja þeir og ljúga með guðs orð á vör? Hver er geðveikur, sá sem stendur vörð um sannleikann og réttlætið eða hinn sem lifir í spillingunni og breiðir jafnvel yfir hana? Og skoðun höfundar er afdráttarlaus eins og hún kemur fram með orðum Sólrúnar: „Það þarf mikið hugrekki og staðfestu til að halda fast við sannfæringu sína og vera reiðubúinn að kosta öllu til. Og mér finnst þú ekki vera geðveikur. Kannski ertu bara heilbrigðari en við hin“ (214).

Sagan er bréf til Sólrúnar, unnustu Páls, rituð með einskonar leyniletri enda aðeins ætluð þeim tveimur aflestrar eins og hann segir í bókarlok. Hver kafli hefst á tilvitnun í ljóð eftir Stein Steinarr og tengjast þær tilvitnanir efni kaflanna misvel. Ljóðabók Steins var gjöf Sólrúnar til Páls og í ljóðunum finnur hann aftur leiðina til lífsins. Persónusköpun ristir ekki djúpt, samtöl sögunnar eru stíð og bókleg og það eru einræður Páls líka. Páll er ekki trúverðugur í sveitamennsku sinni, sjúklegri skarpskyggni og sannleiksleit, Sólrún er heldur klisjuleg, þæga stelpan sem brýst undan valdi föður síns með ófyrirsjáanlegum afleiðingum og velur síðan ódýrustu leiðina. Fangarnir á Hrauninu eru skemmtilegar týpur og hafa allir lýsandi viðurnefni. Sveinn, drykkfelldur leikari, er klén persóna sem allt í einu hverfur úr sögunni og prestarnir eru vitaskuld varmenni.

Til eru ótal goðsagnir og klisjur um geðveiki og flestar skjóta þær upp kolli hér. Frásagnarháttur Í skugga heimsins tjáir ekki óreiðu geðveikinnar, örvæntinguna eða

kvölinu líkt og leitast er við t.d. í Englum alheimsins. Sagan öll er yfirdrifin, einkennilega gömul í hettunni og Páll Höskuldsson hittir ekki í mark, hvorki sem heilbrigður mannkynslausnari né geðveikur.

Í skugga heimsins
Eysteinn Björnsson
Ormstunga, 1999

Bókmenntir
Steinunn Inga Óttarsdóttir